

REGLUR LYKILS FJÁRMÖGNUNAR HF.

STARFSREGLUR ÁHÆTTUNEFNDAR
STJÓRNAR



Efnisyfirlit

1. Markmið	1
2. Skipun nefndar	1
3. Hæfi nefndarmanna	1
4. Heimildir	1
5. Fundir	1
6. Verkefni	1
7. Trúnaður	2
8. Annað	2

Útgáfustýring

Útgáfa	Dags.	Ábyrgðaraðili (breytt af)	Helstu breytingar
V 1.0	24.01.2020	Guðrún Jónsdóttir	Drög til stjórnar
V 1.1	04.02.2020	Guðrún Jónsdóttir	Drög – tíðni funda
V 1.2	06.02.2020	Guðrún Jónsdóttir	Drög – tíðni funda og skýrsla nefndar
V 2.0	07.02.2020	Guðrún Jónsdóttir	Til staðfestingar

1. Markmið

Markmið áhættunefndar stjórnar Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Áhættunefnd er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2. Skipun nefndar

Stjórn Lykils ber ábyrgð á skipun áhættunefndar og skal nefndin veita stjórn upplýsingar um störf sín með hliðsjón af hlutverki nefndarinnar og reglum þessum, eftir því sem við á. Nefndin skal skipuð þremur aðilum, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta.

3. Hæfi nefndarmanna

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Starfsmönnum Lykils er óheimilt að eiga sæti í nefndinni.

4. Heimildir

Áhættunefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt verklagsreglum þessum og sem nefndin telur sig þurfa til starfa sinna. Áhættunefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum félagsins sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða nefndina í verkefnum hennar.

Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur.

Starfsmenn félagsins skulu hafa óheftan aðgang að áhættunefnd, m.a. til að tilkynna grun um verulega áhættu eða óreiðu hjá félaginu.

5. Fundir

Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Nefndin skal halda fundargerðabók og skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins að minnsta kosti árlega í tengslum við reikningsuppgjör. Þá skal nefndin einnig fjalla um gerð og framkvæmd álagsprófa félagsins.

6. Verkefni

Áhættunefnd skal sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, m.a. vegna mótunar áhættustefnu, áhættuvilja og áhættumörk þess varðandi alla áhættuþætti félagsins. Nefndin á einnig að fylgjast með, og eftir atvikum, gera tillögur um stefnumótun vegna eiginfjár- og lausafjárstýringar auk stýringar annarra áhættuþátta og gerð og framkvæmd álagsprófa.

Áhættunefnd skal yfirfara skýrslu yfirmanns áhættustýringar um framkvæmd áhættustýringar sem lögð er fyrir nefndina eigi sjaldnar en árlega. Þá skal Áhættunefnd stjórnenda árlega gefa Áhættunefnd stjórnar skýrslu um störf sín.

Áhættunefnd ber að fylgjast með skilvirkni á innri gæða- og áhættustýringar kerfum.

Áhættunefnd skal m.a. kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu Lykils og yfirfara hvort kjör sem boðin eru viðskiptavinum taki að fullu mið af rekstraráætlun og áhættustefnu félagsins. Ef kjör endurspegla ekki áhættuna samkvæmt rekstraráætlun og áhættustefnu skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

Áhættunefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins og stjórnenda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast áhættustýringu.

7. Trúnaður

Nefndarmenn í áhættunefnd eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um og varða málefni félagsins eða viðskiptamanna þess. Þagnarskyldan helst þótt nefndarstarfi viðkomandi einstaklings ljúki.

8. Annað

Áhættunefnd skal eftir þörfum meta skilvirkni nefndarinnar og yfirfara starfsreglur nefndarinnar þó að lágmarki annað hvert ár. Nefndin leggur til við stjórn viðeigandi breytingar á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða félagið.

Reykjavík, 7. febrúar 2020

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.



Kristín Friðj

ylona kommitté

Markús Arnason

